

## 96. ársþing Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga

Þingið var haldið í Tjarnarlundi í boði umf. Stjórnunnar 30. mars 2017 og hófst það kl. 18.00

Á þingið mættu alls 26 fulltrúar frá þeim sjö aðildarfélagunum UDN sem eru virk, Garðar Svansson fulltrúi ÍSÍ og Hrönn Jónsdóttir fulltrúi UMFÍ.

### 1. Þingsetning

Heiðrún Sandra Grettisdóttir formaður UDN setti þing og bauð þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna.

### 2. Kosning þingforseta

Tillaga um Guðmund Gunnarsson sem þingforseta var samþykkt með lófaklappi. Guðmundur tók við stjórn þingsins.

### 3. Kosning annarra starfsmanna þingsins (2 fundarritarar og 3ja manna kjörbréfanefnd)

**Fundarritarar:** Tillaga um Ingveldi Guðmundsdóttur og Svönu Hrönn Jóhannsdóttur. Samþykkt samhljóða.

**Kjörbréfanefnd:** Tillaga um Guðbjörtu Lóu Þorgrímsdóttur, Kristján Inga Arnarsson og Skjöld Orra Skjaldarson. Samþykkt samhljóða.

Kjörbréfanefnd tók til starfa.

### 4. Skýrsla stjórnar

Heiðrún Sandra flutti skýrslu stjórnar um starfsemi UDN frá síðasta þingi. Þar kom m.a. fram að UDN fékk sjálfboðavinnustyrk frá Dalabyggð til uppbyggingar á íþróttasvæðinu í Búðardal, stóð fyrir dansleik á bæjarhátíðinni “Heim í Búðardal, og styrkti ungmenni til að taka þátt í ungmennabúðum NSU í Svíþjóð. Einnig hélt UDN námskeiðið “Sýndu hvað í þér býr, – tók þátt í keppni og störfum á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi og sá um lokahóf fyrir barna og ungmennastarfs á vegum aðildarfélaganna. Félagar UDN voru alls 879 í árslok 2016.

### 5. Álit kjörbréfanefndar

Skjöldur Orri las upp nöfn þingfulltrúa. Mæting frá aðildarfélagum var eftirfarandi:

#### Aftureldinga á rétt á 4 fulltrúum – mætt voru:

Björn Samúelsson  
Hallfríður Valdimarsdóttir  
Herdís Erna Matthíasdóttir

#### Dögun á rétt á 3 fulltrúum – mætt voru:

Hrefna S Ingibergsdóttir  
Steinunn Helga Halldórsdóttir

#### Ólafur Pá á rétt á 6 fulltrúum – mætt voru:

Arnar Svansson

#### Stjarnan á rétt á 10 fulltrúum – mætt voru:

Arnar Eysteinnsson  
Guðmundur R Gunnarsson  
Halla S Steinólfsdóttir  
Heiðrún Sandra Grettisdóttir  
Ingveldur Guðmundsdóttir  
Jón Egill Jóhannsson  
Jón Ingi Ólafsson  
Kristján Ingi Arnarsson  
Valgerður Lárusdóttir

### **Æskan á rétt á 8 fulltrúum – mætt voru:**

Finnbogi Harðarsson  
Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir  
Guðmundur Freyr Geirsson  
Hlöðver Ingi Gunnarsson  
Pálmi Jóhannson

### **Glímufélag Dalamanna á rétt á 2 fulltrúum – mætt voru:**

Jóhann Pálmasson  
Svana Hrönn Jóhannsdóttir

### **Hestamannafélagið Glaður á rétt á 6 fulltrúum – mætt voru:**

Skjöldur Orri Skjaldarson  
Svanborg Þ Einarsdóttir  
Viðar Þór Ólafsson  
Þórður Ingólfsson

## **6. Ársreikningur ársins 2016 kynntur**

Ingveldur gjaldkeri UDN fór yfir reikninga ársins 2016 og skýringar tengdar þeim. Heildarrekkstrartekjur ársins voru kr. 9.112.653,- og rekstrargjöld voru samtals kr. 9.557.123,-. Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða var kr. -444.470,- og tekjuafgangur (-tap) ársins var kr. -298.822,-. Handbært fé í árslok 2016 var kr. 5.814.300,-, viðskiptakröfur, kr. 460.320,- og skammtímaskuldir kr. 1.878.182,-

## **7. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Reikningar bornir upp til atkvæða**

Finnbogi spurði um útkomu á dansleik og hvort styrkur hafi fengist fyrir hástökkisdýnu. Ingveldur upplýsti að hagnaður af dansleik hafi verið kr. 86.400,- en vinna við hann var að mestu í sjálfboðavinnu og ekki var borguð húsaleiga. Svana svaraði að styrkir til kaupa á hástökkisdýnu hafi verið samþykktir. Guðmundur Freyr spurði hvort UDN fái styrk frá Reykhólahrepp eins og Dalabyggð. Guðmundi svarað að Reykhólahreppur styrki umf. Aftureldingu beint og að styrk Dalabyggðar sé úthlutað á félögin í Dalabyggð. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

## **8. Ávörp gesta**

Garðar fulltrúi ÍSÍ tók til máls og bar kveðjur til þingsins frá Lárusi L. Blöndal forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórn og starfsfólki. Hann hvatti þingfulltrúa til að koma á skrifstofu ÍSÍ og nýta sér aðstoðuna þar. Hann fjallaði um Felix og nýja uppfærslu forritsins sem er í þróun. Framundan er íþróttapeing í maí og formannafundur í haust og hvatti hann stjórn UDN til að senda fulltrúa á formannafundinn, það sé mikilvægt og hann skili góðu starfi. Þá lýsti hann áhyggjum sínum varðandi neikvæða niðurstöðu ársreiknings UDN og áætlunar fyrir yfirstandandi ár, telur mikilvægt fyrir sambandið að eiga varasjóð. Hann upplýsti að samstarf milli ÍSÍ og UMFÍ hafi aukist, það sé af hinu góða og skili betra starfi, einnig þakkaði gott samstarf á vegum SamVest.

Hrönn Jónsdóttir fulltrúi í stjórn UMFÍ tók til máls og bar kveðjur frá framkvæmdarstjóra, stjórn og starfsfólki UMFÍ. Hún lýsti yfir ánægju með hve starf UDN er öflugt og hrósaði skýrslu stjórnar. Hún hvatti sambandið til að nýta verkefni UMFÍ og benti einnig á að UMFÍ væri þjónustustofnun félaganna þar sem hægt væri að leita eftir aðstoð. Hún þakkaði gott samstarf á Unglingalandsmótinu síðastliðið sumar. Að lokum afhenti hún Arnari Eysteinessyni og Þórði Ingólfssyni starfsmerki UMFÍ.

## **9. Íþróttamaður UDN**

Heiðrún Sandra upplýsti að Laufey Fríða Þórarinsdóttir hlyti titilinn íþróttamaður ársins 2016 hjá UDN. Laufey Fríða fékk 5 stig í kjöri til íþróttamanns UDN.

Laufey Fríða hefur í mörg ár verið dugleg að taka þátt í keppni á vegum Glaðs og er oft í verðlaunasætum. Hún vann unglingsflokk á tölmótinu Glaðs á síðastliðnu ári. Á vetrarleikunum vann hún unglingsflokk í bæði fjórgangi og tölti.

Á íþróttamóti Glaðs vann hún aftur bæði tölt unglingsflokks og fjórgang unglingsflokks. Á Hestapiingi Glaðs keppti hún upp fyrir sig í tölti og náði 2. sæti í opnum flokki. Hún var efsti Glaðsfélaginn í þeirri grein. Hún vann Unglingsflokkinn á þessu opna móti. Hún tók þátt í úrtökumóti fyrir Landsmót í Borgarnesi og vann sér þar inn keppnisrétt á Landsmóti fyrir Glað. Hún keppti á Landsmótinu að Hólum í Hjaltadal og stóð sig vel þótt hún næði ekki verðlaunasæti. Svana Hrönn tekur að sér að afhenda Laufey Fríðu bikarana.

## 10. Tillögur lagðar fram og skipað í nefndir ef með þarf

### Tillaga 1

96. ársþing UDN haldið í Tjarnarlundi, 30. mars 2017 þakkar sveitastjórnnum Dalabyggðar og Reykhólahrepps fyrir veittan stuðning á árinu.

### Tillaga 2

96. ársþing UDN haldið í Tjarnarlundi, 30. mars 2017 samþykkir að hafa félagsgjöld óbreytt eða kr. 200,- fyrir hvern aðila 16 ára og eldri.

### Tillaga 3

96. ársþing UDN haldið í Tjarnarlundi, 30. mars 2017 samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

### Tillaga 4 – lögð fram af Finnboga Harðarsyni

96. ársþing UDN haldið í Tjarnarlundi, 30. mars 2017 felur stjórn UDN að velja þá fulltrúa UDN sem sendir verða á þing UMFÍ og ÍSÍ.

## 11. Hlé - Veitingar í boði umf. Stjórnunnar

## 12. Afgreiðsla tillagna

**Tillaga 1** – Samþykkt samhljóða.

**Tillaga 2** – Samþykkt samhljóða

Gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

	Áætlun 2017
<b><u>Rekstrartekjur:</u></b>	
Félagsgjöld	130.000
Framlög og styrkir( <i>Starfsstyrkur frá Dalabyggð o.fl.</i> )	1.250.000
Tekjur af Lottó	3.500.000
Aðrar tekjur( <i>Dalabyggð v/ tómsfundafulltrúa</i> )	0
Seldur fatnaður	0
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>4.880.000</b>
<b><u>Rekstrargjöld:</u></b>	
Kostnaður v/söluvarnings	0
Mótakostnaður	250.000
Lokahóf barna og ungmennastarfs UDN	150.000
Lauga- / Hólafjör	100.000
Framlög og styrkir	3.350.000
Laun og launatengd gjöld	1.600.000
Skrifstofukostnaður	200.000
Stjórnun og umsýsla	170.000
Önnur gjöld	70.000
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>5.890.000</b>

<b><u>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</u></b>	<b>-1.010.000</b>
<b><u>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</u></b>	
Vaxtatekjur og verðbætur	180.000
Bankakostnaður	-50.000
<b>Samtals</b>	<b>130.000</b>
<b><u>Tekjuafgangur (-tap) af reglulegri starfsemi</u></b>	<b>-880.000</b>
<b><u>Tekjuafgangur (-tap) ársins</u></b>	<b>-880.000</b>

**Tillaga 3** – Samþykkt samhljóða

**Tillaga 4** – Samþykkt samhljóða

### 13. Kosningar

Kjóra þarf formann og ritara til tveggja ára, einnig þarf að kjósa tvo varamenn, tvo skoðunarmenn reikninga, frjálsípróttaráð og knattspyrnuráð til eins árs.

Heiðrún Sandra formaður og Pálmi ritari gefa bæði kost á sér til áframhaldandi setu í sömu embættum.

Niðurstöður kosninga voru eftirfarandi:

Stjórn UDN - formaður og ritari til tveggja ára:

Heiðrún Sandra Grettisdóttir formaður

Pálmi Jóhannsson ritari

Varamenn í stjórn:

Anna Berglind Halldórsdóttir

Arnar Svansson

Frjálsípróttaráð:

Jóhanna Sigrún Árnadóttir

Arnar Eysteinnsson

Herdís Erna Matthíasdóttir

Rebekka Eiríksdóttir (*varamaður*)

Knattspyrnuráð:

Arnar Svansson

Björn Samúelsson

Jón Egill Jónsson

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir (*varamaður*)

Skoðunarmenn:

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Svanborg Þ Einarsdóttir

### 14. Önnur mál

Hópavinna: Formaður skipti þingfulltrúum niður í þrjá hópa og unnið var með tvö verkefni, sumarstarfið og 100 ára afmæli UDN árið 2018.

Niðurstöður verða kynntar þegar unnið hefur verið úr þeim.

Þórður þakkaði fyrir starfsmerkið og einnig þakkaði hann fyrir gott þing. Hann þakkaði umf. Stjórnunni fyrir góðar veitingar og óskaði Stjórnufélögum til hamingju með 100 ára afmæli félagsins.

Garðar tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu frá honum og Hrönn fulltrúa UMFÍ.

96. ársþing UDN haldið í Tjarnarlundi, 30. mars 2017 samþykkir að hvetja aðildarfélög sambandsins til að taka þátt í verkefnum ÍSÍ og UMFÍ, eins og Almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og Landsmótum UMFÍ.

Einnig eru ÍSÍ og UMFÍ með mörg áhugaverð fræðsluverkefni sem vert er að nýta til eflingar á félags og íþróttastarfi. Samþykkt samhljóða.

Hann óskaði umf. Stjórnunni til hamingju með 100 ára afmælið. Hann minnti félagsmenn á að bjóða fulltrúum frá ÍSÍ og UMFÍ ef haldin eru afmælishóf og benti á að þar sé tækifæri til að heiðra félagi.

Finnbogi óskaði umf. Stjórnunni til hamingju með afmælið og benti á að í skýrslu umf. Æskunnar hafi farist fyrir að minnast á göngudag fjölskyldunnar sem haldinn er á hverju ári. Hann þakkaði einnig fyrir gott þing.

Arnar þakkaði fyrir starfsmerkið, hann benti á að skýrsla samstarfsnefndar ungmennafélaganna væri í þinggögnum og þakkaði Svönu Hrönn fyrir veitta aðstoð við starf nefndarinnar. Einnig þakkaði hann fyrir gott þing og fyrir afmælisveðjur til umf. Stjórnunnar.

Guðmundur þingforseti þakkaði fyrir sig og fyrir gott þing.

## **15. Þingslit**

Heiðrún þakkaði fyrir gott þing og Stjórnunni fyrir góðar veitingar, einnig þakkaði hún það traust sem henni var sýnt með kosningun sem formaður. Þá óskaði hún umf. Stjórnunni til hamingju með afmælið og þakkaði þingfulltrúum og gestum fyrir komuna á þingið. Hún upplýsti þingfulltrúa um að UDN muni halda næsta þing á afmælisári sambandsins 2018 og sleit þingi.